UMHVERFIS
STOFNUN

ArcticLAS ehf.
Hans Tómas Björnsson
Krókhálsi 5d
110 Reykjavík

Reykjavík 5. október 2018
UST201809-329/R.K.
11.18.02

**Efni: Tilkynning- Samþykki við notkun nýrra stofna músa við starfsemi ArcticLAS**

Umhverfisstofnun hefur samþykkt breytingu á starfsemi ArcticLAS ehf., kt: 550388-1389, en tilkynning um breytta starfsemi frá leyfishafa barst dags. 5. maí 2018. Ráðgert er að taka inn þrjá nýja stofna músa til rannsókna, Kmt2dR5230H/+ mýs, Klf10-EGFP mýs og CHD1+/R616Q mýs. Umhverfisstofnun óskaði eftir frekari upplýsingum frá leyfishafa og hefur móttekið þær. Umhverfisstonfun lét ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur vita af breytingunni og hafði nefndin engar athugasemdir.

Upplýsingar í tilkynningu leyfishafa teljast fullnægjandi að mati Umhverfisstofnunar. Nýting nýrra stofna músa er innan ákvæða starfsleyfis gr. 1.4 og þarfnast ekki breytingar á starfsleyfi. Leyfishafa er heimilt að flytja inn og nýta þá stofna músa sem tilgreindir eru í samskiptum stofnunarinnar og tengiliðs rekstraraðila þann. 1. og 2. október 2018. Stofnunin veitir því hér með samþykki fyrir nýtingu ofangreindra músastofna við starfsemi eins og henni er lýst af rekstraraðila.

Ekki er um að ræða breytingu á áhættumati og/eða afmörkunarflokki starfseminnar, en rekstraraðila er ávallt skylt að tilkynna hverskyns breytingar á starfsemi til Umhverfisstofnunar.

Kostnaður fyrir mat á tilkynningu er tímagjald sérfræðings skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 sem nemur **13.200 kr.** Tímar við yfirferð og mat tilkynningar voru 5 klst og nemur það **66.000 kr.** Reikningur verður sendur út innan skamms.

Virðingarfyllst

Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri